

Ed. **277. Frumvarp til laga** [173. mál]

um breyting á lögum nr. 2 1. febrúar 1980 um breyting á lögum nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og breyting á lögum nr. 81 21. desember 1981.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

5. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau, ásamt öðrum gildandi breytingum, inn í lög nr. 5 13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og gefa lögin út þannig breytt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1982 nema 3,575%.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar	32,3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:	
a) Til greiðslu á hluta af váttryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	30,8%
b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	4,6%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:	
a) Til Fiskveiðasjóðs	27,7%
b) Til Fiskimálasjóðs	1,2%
4. Til sjávarrannsóknna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1,6%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,9%
6. Til samtaka sjómanna	0,9%

Samtals: 100,0%

Ákvæði til bráðabirgða II.

Í stað orðanna „til 31. desember 1981“ í niðurlagi 3. gr. laga nr. 81 21. desember 1981, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl., komi orðin: til 1. maí 1982.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 2 1. febrúar 1980 var útflutningsgjald af sjávarafurðum ákveðið 5,5% af fob-verðmæti útflutnings í stað 6% áður.

Gildistökuákvæði sömu laga, 5. greinin, er svohljóðandi: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru á árunum 1980 og 1981“.

Ein af forsendum fiskverðsákvörðunar nú er, að útflutningsgjald af sjávarafurðum verði áfram 5,5% af fob-verðmæti útflutnings. Því ber nauðsyn til að fella niður seinni hluta 5. gr. nefndra laga, þannig að útflutningsgjald af sjávarafurðum hækki ekki í 6% heldur verði óbreytt, þ. e. 5,5% á árinu 1982.

Um 2. gr.

Frá því lögin nr. 5 13. febrúar 1976 voru sett hafa verið gerðar á þeim ýmsar breytingar og auk þess sett tímabundin ákvæði til bráðabirgða, sem nú eru flest úr gildi fallin.

Til hagræðis og aukins skýrleika er því þörf á að gefa lögin út að nýju í heild.

Um ákvæði til bráðabirgða I.

Þegar verð á loðnu til bræðslu frá 1. október 1981 til síðustu áramóta var ákveðið af yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, var ein af forsendum verðákvörðunar, að útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi, sem framleitt yrði á tímabilinu, lækkaði úr 5,5% í 3,575%. Þegar loðnuveiðar voru stöðvaðar í desember síðastliðnum áður en tekist hafði að ná þeim heildarkvóta, sem settur hafði verið, var þeim skipum, sem ekki höfðu enn tekið upp í helming kvótans, veitt leyfi til þess að ná því marki. Þar sem hér er í raun um að ræða framhald á haustvertíðinni, þykir eðlilegt, að ekki sé hróflað við þessari forsendu verðákvörðunarinnar frá því í október síðastliðnum og lækkun útflutningsgjaldsins taki því til framleiðslu fyrstu fjögurra mánaða þessa árs.

Um ákvæði til bráðabirgða II.

Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæði til bráðabirgða I hér að framan er gert ráð fyrir, að ákvæði um lækkun útflutningsgjalda á loðnumjöli og -lýsi gildi til loka apríl 1982. Þar sem önnur forsenda loðnuverðsákvörðunar frá október síðastliðnum var, að veitt yrði ríkisábyrgð fyrir lánnum til síldar- og fiskimjolsdeildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna framleiðslu á haustvertíð 1981, þykir rétt að framlengja þau tímamörk, sem tilgreind voru í 1. nr. 81/1981, til samræmis við það sem gildir skv. ákvæði til bráðabirgða I. Eftir sem áður verður ríkisábyrgðin takmörkuð við fjárhæðina 42 milljónir króna.